

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. september 2022

## **Erindi: Tækifæri barna til áhrifa og ungmennaRÁÐ TIL RÁÐAMANNA**

Með þessu erindi vill UNICEF á Íslandi hvetja Reykjavíkurborg til að fjölga tækifærum barna til áhrifa innan sveitarfélagsins með stofnun ungmennaráðs, ef það hefur ekki þegar verið gert, eða með því að efla starf ungmennaráðs í samræmi við ráð ungmenna til ráðamanna.

### **Réttur barna til þátttöku í stefnumótun og ákvörðunartöku**

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi árið 2013. Samkvæmt honum á barn rétt á því að taka þátt í ákvörðunum sem það varðar og stjórnvöldum ber skylda til þess að skapa barnvænar leiðir til þátttöku. Árið 2021 samþykktu stjórnvöld stefnu um Barnvænt Ísland og er þátttaka barna fyrsta markmið þeirrar stefnu. Frá árinu 2007 hafa sveitarfélög átt, samkvæmt lögum, að hlutast til um stofnun ungmennaráðs og hefur yfir helmingur sveitarfélaga gert það. Enn skortir því á samráð og tækifæri barna til raunverulegra áhrifa í sveitarfélögum.

UNICEF á Íslandi hefur stutt við Barnvæn sveitarfélög í því að efla ungmennaráð og auka samráð við börn. Þann 15. september sl. stóð UNICEF fyrir fjölmennri ráðstefnu fyrir starfsfólk sveitarfélaga um leiðir til þess að efla þátttöku barna. Í aðdraganda ráðstefnunnar birtu fjölmiðlar grein ungmennaráða Reykjanesbæjar og Akureyrar þar sem fulltrúar ráðanna ítrekuðu nauðsyn þess að styðja enn betur við ungmennaráð um allt land.

### **Ráð ungmenna til ráðamanna**

Vorið 2022 stóð UNICEF á Íslandi fyrir vinnustofum fyrir ungmennaráð í sveitarfélögum sem taka þátt í verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Haldnar voru fimm vinnustofur um merkingabæra þátttöku barna í Reykjavík, á Flúðum, Egilstöðum og Akureyri. Á vinnustofunum settu ungmennaráðin saman tólf ráð til ráðamanna til þess af efla ungmennaráð sveitarfélaga.<sup>1</sup>

1. Ungmennaráð skal vera upplýst um það sem fram undan er í sveitarfélaginu.
2. Mál sem varða börn og ungmenni skulu vera lögð fyrir ungmennaráð áður en ákvarðanir eru teknar. Önnur mál má einnig senda til umsagnar til ungmennaráðs.
3. Tryggja þarf aðgengi ungmennaráðs að upplýsingum á barnvænu máli.

---

<sup>1</sup> Ráðin voru samin af ungmennaráðum Akureyrarbæjar, Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Fjarðarbyggðar, Hafnarfjarðarbæjar, Hrunamannahrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Múlapings, Rangárbings eystra, Reykjanesbæjar, Vopnafjarðarhrepps og Ölfuss.

4. Tryggja þarf ungmennaráði fræðslu, m.a. um rétt barna til þátttöku, hvernig stjórnásla sveitarfélagsins virkar og þjálfun í því að nýta rödd sína.
5. Bera þarf virðingu fyrir börnum og ungmennum og hugmyndir þeirra skulu teknar alvarlega.
6. Ungmennaráð ættu að fá fleiri tækifæri til þess að koma inn á bæjarstjórnarfundum og eiga áheyrnarfulltrúa í nefndum og ráðum.
7. Kynna þarf starf ungmennaráðsins betur bæði fyrir börnum og fullorðnum.
8. Ungmenni ættu að fá greitt fyrir fundarsetu með sama hætti og aðrir.
9. Fundartímar, t.d. hjá ráðum og nefndum, þurfa að henta börnum. Passa þarf að börnin sem sækja eiga fundinn séu ekki í skóla eða með aðrar skuldbindingar á fundartíma.
10. Sveitarfélög ættu að tryggja eftirfylgni. Ungmennaráð ætti að fá að vita hvaða áhrif þátttaka þeirra hafði og ef hugmyndir þeirra voru ekki framkvæmdar þarf að útskýra hvers vegna.
11. Mikilvægt er að ráðamenn séu heiðarlegir, ekki bara „næs“.
12. Verkefni sem snúa að börnum og ungmennum ættu að vera vel fjármögnuð.

Það er skýr réttur barna að hafa áhrif á málefni sem þau varðar. UNICEF á Íslandi skorar því á Reykjavíkurborg að auka tækifæri barna til áhrifa í sveitarfélaginu. Ýmist með því að stofna ungmennaráð, ef það hefur ekki þegar verið gert, eða efla starf ungmennaráðsins í samræmi við ráð ungmenna til ráðamanna.

Virðingarfyllst,



Birna Pórarinsdóttir  
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi